

Félagsmálaráðherra og formaður ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga staðfesta ársreikning Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 1998 með áritun sinni.

Reykjavík, 20. september 1999.

Páll Pétursson félagsmálaráðherra.
Húnbogi Þorsteinsson formaður ráðgjafarnefndar.

18. október 1999

Nr. 695

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Hvalfjarðarstrandarhreppi.

Deiliskipulag fyrir jörðina Efra-Skarð.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur hreppsnefnd Hvalfjarðarstrandarhrepps þann 8. september 1999 samþykkt deiliskipulag fyrir jörðina Efra-Skarð í Hvalfjarðarstrandarhreppi.

Deiliskipulagið nær til reits sem er 2534 m² að stærð og er vestan núverandi aðkomuvegar, gengt núverandi íbúðarhúsi jarðarinnar, sjá deiliskipulagsupprátt. Gert er ráð fyrir byggingu íbúðarhúsa á byggingarreitnum auk bifreiðageymslu. Auk þess nær deiliskipulagið yfir svæði þar utan sem ætlað er fyrir aðstöðu til fiskeldis.

Greinargerð og uppráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulag fyrir jörðina Hurðarbak.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur hreppsnefnd Hvalfjarðarstrandarhrepps þann 8. september 1999 samþykkt deiliskipulag fyrir jörðina Hurðarbak í Hvalfjarðarstrandarhreppi.

Deiliskipulagið nær til jarðarinnar allrar. Í því er gert ráð fyrir byggingu sex alifuglahúsa, 2500 m² að stærð hvert, og þriggja íbúðarhúsa. Áfram er gert ráð fyrir nýtingu eldri húsa jarðarinnar.

Greinargerð og uppráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hlöðum, 18. október 1999.

Oddviti Hvalfjarðarstrandarhrepps,

Jón Valgarðsson.

18. október 1999

Nr. 696

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Ölfuss 1997-2009, jörðin Þorlákshöfn.

Með vísan til 19. gr. og 61. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur umhverfisráðherra þann 18. október 1999 staðfest aðalskipulag sveitarfélagsins Ölfuss 1997-2009, að því er tekur til Þorlákshafnarjarðarinnar. Frestað er staðfestingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins að öðru leyti.